

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Langanesbyggð.

Sveitarstjórn Langanesbyggðar samþykkti tillögu að heildarendurskoðun deiliskipulags hafnar-svæðisins á Þórshöfn á fundi sínum 28. ágúst 2024.

Heildarendurskoðun deiliskipulagsins felst m.a. í að setja ramma utan um fyrirhugaða uppbyggingu hafnar-svæðis og tryggja sjávarútvegi og öðrum atvinnugreinum nægt athafnasvæði til framtíðar. Samhliða deiliskipulagsgerðinni var gerð breyting á aðalskipulagi sveitarfélagsins þar sem hafnar-svæðið var m.a. stækkað vegna lengingar á hafnarkanti. Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð skv. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

F.h. Langanesbyggðar, 22. október 2024,

Arnar Birgir Ólafsson skipulagsráðgjafi.

B-deild – Útgáfudagur: 28. október 2024